

Hafnarfjörður, 6. apríl 2021

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar

Minnisblað um framkvæmd- og kostnaðaráætlun vegna sumaropunnar leikskóla í Hafnarfirði sumarið 2021

Starfshópur um framkvæmd sumaropunnar leikskóla Hafnarfjarðar skilaði af sér skýrslu til fræðsluráðs Hafnarfjarðar til samþykktar þann 18. nóvember 2020. Tímalína og framkvæmdaráætlun var unnin út frá þeirri skýrslu af starfsmönnum mennta- og lýðheilsusviðs. Kostnaðaráætlun var unnin á þeim þáttum sem lágu fyrir út frá skýrslunni. Ljóst er að ekki er mögulegt að átta sig á öllum þeim þáttum sem innleiðingu breytinganna tekur til.

Áætlun um framkvæmd sumaropunnar var kynnt fyrir lykilaðilum allra sviða hjá Hafnarfjarðarbæjar sem koma á einhvern hátt að rekstri leikskólanna. Fræðsluráð og leikskólastjórum var einnig kynnt áætlunin og tímalínan á fjarfundum í janúar. Í framhaldi voru myndaðir rýnihópar um hvern þátt sem huga þarf að í framkvæmdinni. Rýnihóparnir eru skipaðir starfsmönnum mennta- og lýðheilsusviðs og leikskólastjórum. Þeir aðilar (innan og utan stjórnarsýslunnar) sem hluta eiga að verkefnum eru boðaðir á samráðsfundi eins og við á.

Tímalína framkvæmdaáætlunar vegna sumaropnunar er eftirfarandi

Sumaropnun leikskóla - yfirlit yfir tímalínu





Staða á áætlun er eftirfarandi:

GÁTLISTI

Staða	Staða	Ferli	Mat	Kostnaður
✓ Ræða álitamál í frkvteymi gera grein fyrir áætlun	✓	Undirbúa ráðningar sumarstarf sfólks – tilhögun	<input type="checkbox"/>	Skoða innritun í samhengi við sumarstarf og ath. hvort það hafi áhrif á aðlögun að hausti
✓ útbúa miðlægt bréf til foreldra um tilhögun sumaropnunar	✓	Orlofsumsóknir starfsmanna	<input type="checkbox"/>	Dreifing starfsfólks í leikskóla lokið
✓ Undirbúa umsóknarferli og miðlun. Funda með samstarfaðilum	✓	Skipulag um fjöldatölur barna skráning og nýting lokið	<input type="checkbox"/>	Tilhögun vegna matar í sumarstarfi, fundað með Skólamat og GR
✓ Hlekkur fyrir skráningu barna	✓	Samráð við umhverfisog skipulag um áætlun á endurnýjun og viðhaldi lóða og húsnæð	<input type="checkbox"/>	Leikskólagjöld & gjaldakeyrsla ákveðin
✓ Skráning sumarorlofsdaga barna lokið	✓	Samráð og skipulag vegna albrifa í leikskólum	<input type="checkbox"/>	Nýliðapjálfun

Kostnaðaráætlun sumaropnunar

Gert er ráð fyrir ófyrirséðum kostnaðarpáttum s.s. þrifum, matarþjónustu eða öðrum þáttum sem upp kunna að koma. Samtals kostnaður þar er 9 milljónir króna. Nú þegar sjáum við að ekki hlýst viðbótarkostnaður vegna þrifa en enn liggur ekki fyrir hvort eða hvaða leikskólar kunna að þurfa að nýta matarþjónustu Skólamatar og þá hver sá kostnaður verður að lokum. Gert er ráð fyrir að manna þurfi hvern leikskóla með þremur sumarstarfsmönnum til viðbótar við fasta starfsmenn leikskólanna yfir sumarmánuðina. Það er ríflega áætlað miðað við þá stöðu sem okkur sýnist við standa frammi fyrir miðað við skráningar sumarorlofs starfsmanna

og leikskólabarna. Sumarstarfsmenn eru starfsmenn vinnuskólans (18 ára og eldri) sem skrá sig sérstaklega í sumarstarf leikskólanna. Það skal þó tekið fram að leikskólastjóri verður næsti yfirmaður sumarstarfsmanna.

Staðan í dag

Þessa dagana er í gangi samlestur skráninga sumarorlofsóska starfsfólks leikskóla og skráninga barna í sumarorlof. Fyrstu niðurstöður af þeim skráningum sýna að vel hefur tekist að halda utan um þessar skráningar og upplýsingar. Leikskólastjórar vinna að skipulagi á mönnun sumarstarfs ásamt verkefnastjóra Vinnuskólans. Áætlað er þeirri vinnu verði lokið fyrir lok apríl.

Ut anumhald um sumarafleysingar í leikskólum er miðlægt hjá verkefnastjóra Vinnuskólans. Starfsfólk sækir sérstaklega um starf í leikskólum í gegnum Mínar síður á vef Hafnarfjarðarbæjar. Einstaklingar sem sækja um sumarstörf í leikskólum geta sótt um starf að uppfylltum skilyrðum um að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð. Í boði er sumarstarf í allt að 280 tíma yfir sumarið. Upphafsdagur sumarstarfsfólks í starfi ræðst af afleysingarþörf leikskólanna á sumarorlofstímabilinu. Næsti yfirmaður sumarstarfsmanns er leikskólastjóri. Mikil aðsókn er í þessi störf.

Nýliðþjálfun

Nýliðþjálfun fer fram í maí og er í undirbúningi. Hver sumarstarfsmaður fer á 16 klukkustunda námskeið og reiknast það af þeim vinnustundum sem starfsfólk Vinnuskólans fær úthlutað.

Nýliðþjálfun felur í meðal annars:

- Slysavarnarnámskeið
- Vinnusiðferði, trúnaður í starfi
- Málörvun leikskólabarna
- Leikur, söngur og hreyfing

- Samskipti við börn og foreldra

Matarmálin

Skólamatur ehf. hefur aðkomu að verkefninu fyrir þá leikskóla sem þess kunna að þurfa. Umfang verður ljóst á næstu dögum.

Gjöld

Fyrirkomulag á leikskólagjöldum og gjaldakeyrslu er í vinnslu, einungis eru leikskólagjöld greidd fyrir ellefu mánuði á ári. Unnið er að því að fyrirkomulagið sé með sem einföldustum hætti og afgreiðslan sé gegnsæi fyrir foreldra og yfirsýn yfir leikskólagjöld yfir sumarmánuði góð.

Stöðuskráningar og breytingastjórnun

Haldið er utan um alla samráðsfundi, álitamál og ákvarðanir með það að markmiði að gera gagnlegt endurmat á fyrirkomulagi sumaropnunar leikskóla í Hafnarfirði. Auk þess sem mikilvægt er að halda vel utan um þá reynslu og þekkingu sem skapast í ferlinu, hafa góða innsýn í viðbrögð við breytingunum, þekkja hindranirnar og möguleikana við innleiðingu breytinganna. Einnig gera breytingarnar miklar körfur til stjórnanda leikskóla og starfsmanna sviðsins um persónuleg hæfni í að takast á við breytingar og hindranir.

Leikskólastjórar og aðrir starfsmenn sviðsins og annarra deilda innan Hafnarfjarðarbæjar senda inn vangaveltur, vankanta og hindranir til skrifstofu MogL sem leystar eru með aðstoð rýnihópa og starfsfólks sviðsins jafnóðum. Einnig heldur sviðið utan um „spurt og svarað“ gátlista frá skólunum/leikskólastjórum með þeim erindum sem koma inn og þarf að leysa jafn óðum eða hafa í huga á tímabilinu.

Tekið saman af:

Fanneyju Dóróthe Halldórsdóttur og Hrunn Apríl Guðmundsdóttur.